

Um stig og stigakerfin sem notuð er í sundi í heiminum í dag.

Það er algengt eins og margir vita að birta stig fyrir aftan tíma hjá sundmönnum. Þetta á við um bæði ófatlaða og fatlaða sundmenn næstum allstaður í heiminum. Þó ekki sé alltaf sama formúlan eða sömu viðmið notuð eru allar aðferðirnar líkar þegar grannt er skoðað. Stigin eru notuð til ýmissa hluta eins og að bera saman árangur sundmanna í mismunandi sundgreinum, þau eru stundum notuð til að bera saman sundmenn og jafnvel sundlið. Við ákveðnar aðstæður geta þessi stig verið mjög góð til síns brúks en stigin geta því miður einnig verið ofnotuð og oftúlkuð. Þau eru næstum ómissandi þegar fáir eru að keppa í hverju sundi eða flokkum eins og gerist gjarnan hjá fötluðum sundmönnum.

Allar stigaformúlurnar líta einhvern vegin svona út:

$$stig = \left(\frac{viðmið * a}{árangur} \right)^n$$

formúlan sem við höfum notað og er langmest notuð m.a. af alþjóðasundsambandinu er:

$$stig = \left(\frac{heimsmet * 10}{árangur} \right)^3$$

Þetta er formúlan sem gefur 1000 stig ef synt er á heimsmetstíma.

Það er ýmislegt sem þarf að hafa í huga þegar þessi formúla er notuð, svo að hún virki sem allra best.

Heimsmetin þurfa að vera vel þróuð og dreifingin á árangri þessara bestu í heiminum þarf líka að vera nokkuð jafn dreifð samkvæmt fallinu $f(x) = x^{-3}$ eða á mannamáli það er best að ekki séu mikil stökk á milli þeirra sem eru bestir. Það er af þessum ástæðum sem við notum sjaldan metin í 25m laug því þau eru miklu minna þróuð því stórmótin eru næstum aldrei haldin í 25m laug.

Það sem einnig getur gerst í þessu kerfi er að ef þegar súper stjörnur eins og Michael Phelps eða Kristin Bruhn taka sig til og bæta heimsmetin mikið, þíðir það stigin hjá öllum öðrum hrapa mikið þrátt fyrir að viðkomandi bæti sig jafnvel á milli móta.

Vísindanefnd IPC swimming hefur unnið að því undanfarin ár að búa til stigakerfi sem er sérhannað fyrir IPC og ætti því að henta aðeins betur fyrir sundfatlaðra en kerfið sem alþjóðasundsambandið (FINA) notar. Fyrst átti vísindanefndin mjög erfitt með að koma sér saman um eitt ákveðið kerfi, en það tókst að lokum og tillaga var lögð fyrir vísindanefnd IPC sem hafnaði því svo að lokum að gefa út eitt ákveðið stigakerfi, enda þurfi IPC þess ekki á stórmótunum þar sem alltaf er nóg að keppendum. (Höfundur vill samt minna á að S1 þarf reglulega að synda með S2, og hjá IPC gildir bara tíminn, sem gerir þá keppni mjög ósanngjarna fyrir S1). Danir eru með eitt kerfi og Þjóðverjar annað og Bretar með FINA kerfið svo eitthvað sé nefnt. Það er samt í raun ekki mikill munur á þessum kerfum en á sumum mótum eru sundmenn aðeins hærri og öðrum aðeins lægri.

Þrátt fyrir þessa póltísku stíflu hjá IPC ætlar sundnefndin ekki að falla í þá gryfju. Við höfum ákveðið að laga stiga kerfið aðeins til og gera það næmara fyrir okkar sundmönnum. Það eru ekki miklar breytingar frá gamla kerfinu til nýja kerfisins. Þær eru þessar:

1. Viðmiðið í formúlunni verður meðaltími 6 bestu tíma í heiminum í þeim greinum sem keppt er reglulega í á stórmótunum.
2. Viðmið fyrir greinar sem ekki er keppt í reglulega á stórmótum verða reiknaðar út frá hinum greinunum.
3. Öll viðmið verða látin standa óhreyfð í 4 ár og uppærð eftir HM.

Með þessum breytingum hækka næstum allir í stigum, mis mikið þó eftir greinum og fötlunarflokkum. Það verður auðveldara fyrir alla, sundmenn, foreldra og síðast en ekki síst mótshöldurum að reikna stigin, þar sem ekki þarf að liggja í tölvupóstsamskiptum til að finna viðmið fyrir ýmsar greinar sem ekki eru á dagskrá stórmótanna. Við höfum reiknað öll mótin á síðasta ári upp á nýtt og engin stærri verðlaun hefðu skipt um hendur ef þetta kerfi hefði verið notað, er gegnsærra og vonandi stöðugra.

Við munum á næstu vikum birta stigmatöfluna sem fylgir þessu nýja kerfi.

Ingi Þór Einarsson